

## Gjaldskrá fyrir húsaleigu í Valsárskóla 2019

Salur, skáli og eldhús Valsárskóla eru leigð út til íbúa Svalbarðsstrandarhrepps vegna veisluhalda o.þ.h. Fyrir leiguna greiðist samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

1. Skáli og eldhús vegna veisluhalda kr. 50.000,-  
*Innifalin eru borð og stólar fyrir 60 manns, afnot af húsgögnum, borðbúnaði og eldhúshöldum. Þrif og frágangur eru ekki innifalin.*
2. Skáli, salur og eldhús vegna veisluhalda kr. 100.000,-  
*Innifalið eru borð og stólar fyrir 240 manns, afnot af borðbúnaði og eldhúshöldum. Þrif og frágangur eru ekki innifalin.*
3. Vinna starfsmanna\* (á klukkustund). kr. 5.000,-  
*Vinna við uppsetningu, þrif og annan frágang, að lágmarki 4 klst. á hvern starfsmann (valkvætt).*
4. Önnur leiga er eftir samkomulagi.

Húsvörður afhendir lykla á staðnum, leiðbeinir um umgengnisreglur og notkun tækjabúnaðar. Leigutaki sér um uppsetningu húsbúnaðar, uppvask, frágang og þrif nema sérstaklega sé samið um annað, sbr. lið 3 í gjaldskránni. Húsnæðinu skal skilað í sama ásigkomulagi og komið var að.

Við skil á lyklum fer húsvörður yfir frágang með leigutaka. Ef frágangi og þrifum er ábótavant getur húsvörður ákveðið að rukkað skuli fyrir vinnu starfsmanna við úrbætur. Fyrir þrif er rukkað samkvæmt tímaskráningu viðkomandi starfsmanns, þó að lágmarki fyrir 4 tíma (útkall).

Um afhendingu lykla, aðgang að húsnæðinu vegna undirbúnings og lykklaskil skal samið við húsvörð. Miðað skal við að útleiga hafi ekki áhrif á skólastarf eða viðburði á vegum skólanna.

Gjaldskrá þessi skal endurskoðuð í desember ár hvert með hliðsjón af þróun launakostnaðar.

Samþykkt á 12. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 04. desember 2018.

